

Akureyrarbær

Ársreikningur

2023

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
kt. 410169-6229

Akureyrarbær

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Akureyrarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 34.405 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 32.155 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 27.682 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 26.354 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,74% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,31% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,63% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 436 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 653 milljónum króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 454 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 810 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 27.023 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 16.747 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 18.024 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 1.484 stöðugildum.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnathætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2023 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Akureyri, 4. apríl 2024

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:



Heimir Örn Arnason
Kulda Elma Eysteinsd.
Hilola Jana Gríslad.
Hervör Östmannsdóttir
Sunne H. Jóhannsdóttir
Anna Hulvina Jónsdóttir



Bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestir hér með ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Akureyri 2024

Bæjarstjórn:

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2023 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Við staðfestum að álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins er í samræmi við upplýsingagjöf okkar til bæjarstjórnar samanber 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Akureyrarbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Akureyrarbæ neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðningartími endurskoðenda

Enor ehf. var skipað af bæjarstjórn sem endurskoðunarfyrtæki Akureyrarbæjar í kjölfar útboðs á endurskoðunarþjónustu í júlí 2017 og er þetta því sjöunda samfellda árið sem við sinnum endurskoðun fyrir sveitarfélagið.

Lykilþættir endurskoðunar

Það eru engir lykilþættir sem við viljum upplýsa um í áritun okkar á ársreikninginn í ár.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Akureyrarbæjar. Ef við á skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema bæjarstjórn og bæjarstjóri hafi ákveðið að leysa sveitarfélagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru taldir lykilþættir í endurskoðuninni. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur komi í veg fyrir að við upplýsum um þá, eða í undantekningartilfellum þegar við metum að ekki skuli upplýsa um slíkan lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu upplýsinganna eða ef við metum að ekki sé þörf á því útfrá áhættumati í verkefninu.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 7. maí 2024

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

Niels Guðmundsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2023	viðaukum	2022	2023	viðaukum	2022
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	17.492.987	17.296.910	15.577.603	17.417.037	17.191.910	15.510.923
Framlög jöfnunarsjóðs	5.127.337	4.921.854	4.590.238	5.127.337	4.921.854	4.590.238
Aðrar tekjur	5.061.396	4.135.296	4.538.824	11.860.313	10.041.644	10.377.978
3	27.681.721	26.354.060	24.706.664	34.404.688	32.155.408	30.479.139
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (16.153.218)	(15.851.201)	(14.499.986)	(18.024.065)	(17.772.383)	(16.115.685)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	15 (1.162.588)	(600.000)	(1.131.139)	(1.205.389)	(600.000)	(1.164.175)
Annar rekstrarkostnaður	(8.436.072)	(7.519.577)	(7.167.784)	(10.116.132)	(8.842.142)	(8.907.091)
	(25.751.877)	(23.970.778)	(22.798.909)	(29.345.585)	(27.214.525)	(26.186.951)
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 1.929.844	2.383.282	1.907.755	5.059.103	4.940.883	4.292.187
	(1.059.316)	(1.094.511)	(1.043.654)	(2.094.756)	(2.360.844)	(1.865.910)
Rekstrarniðurst. án fjármunatækna og fjármagnsgjalda						
Fjármt. og fjármsgj	5 870.528	1.288.771	864.101	2.964.347	2.580.039	2.426.278
	(1.324.545)	(2.099.237)	(1.690.170)	(2.501.998)	(3.216.550)	(2.881.389)
Rekstrarniðurst. fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага						
Tekjuskattur	(454.017)	(810.466)	(826.068)	462.349	(636.511)	(455.111)
Áhrif hlutdeildarféлага	9 0	0	0	(75.615)	(16.700)	(30.359)
	0	0	0	49.538	0	53.968
Rekstrarniðurstaða ársins						
	(454.017)	(810.466)	(826.068)	436.272	(653.211)	(431.502)

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir					
Óefnislegar eignir					
Viðskiptavild	8	0	0	3.587	10.762
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.587</u>	<u>10.762</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	31.285.965	28.788.272	34.992.973	32.141.988
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	7	2.089.188	1.941.978	18.973.330	17.491.262
Vélar, áhöld og tæki	7	1.363.391	1.264.199	2.513.666	2.328.456
Leigðar eignir	7	145.208	197.720	145.208	197.720
		<u>34.883.751</u>	<u>32.192.169</u>	<u>56.625.176</u>	<u>52.159.425</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í dótturfélögum	9	40.521	40.521	40.521	40.521
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9	0	0	435.552	405.854
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum	10	543.221	543.221	746.894	672.488
Langtímakröfur	11	1.248.768	1.178.416	1.187.942	1.123.367
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisskuldbindinga	21	1.017.312	1.065.693	1.017.312	1.065.693
		<u>2.849.822</u>	<u>2.827.851</u>	<u>3.428.220</u>	<u>3.307.923</u>
		<u>37.733.573</u>	<u>35.020.020</u>	<u>60.056.984</u>	<u>55.478.110</u>
Veltufjármunir					
Birgðir		124.966	87.178	571.414	316.494
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	13	2.358.169	2.061.302	2.908.565	2.499.235
Næsta árs og gjaldf. afb af langtímakröfum	11	81.501	75.347	78.722	74.808
Fyrirframgreiddur kostnaður	21	48.381	48.381	48.381	48.381
Kröfur á tengd félög		0	0	12.191	7.840
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki		1.532.103	1.101.684	0	0
Aðrar skammttímakröfur		145.932	247.095	227.158	250.818
Markaðsverðbréf		488.016	471.503	501.554	484.571
Handbært fé		2.462.364	3.217.286	2.565.797	3.485.228
		<u>7.241.432</u>	<u>7.309.776</u>	<u>6.913.782</u>	<u>7.167.375</u>
Eignir		<u>44.975.004</u>	<u>42.329.796</u>	<u>66.970.766</u>	<u>62.645.485</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	7				

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé	14				
Eiginfjárreikningur		16.746.981	15.499.333	27.023.383	24.887.873
Eigið fé		<u>16.746.981</u>	<u>15.499.333</u>	<u>27.023.383</u>	<u>24.887.873</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	15	5.833.527	5.178.866	6.286.721	5.593.220
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	218.304	175.460
		<u>5.833.527</u>	<u>5.178.866</u>	<u>6.505.025</u>	<u>5.768.680</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	16.820.090	16.515.178	27.302.980	26.097.798
Leiguskuldir	17	215.214	268.309	215.214	268.309
		<u>17.035.304</u>	<u>16.783.487</u>	<u>27.518.194</u>	<u>26.366.107</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		914.895	767.770	1.492.943	1.119.526
Skuldir við eigin fyrirtæki		877.024	389.248	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	969.097	899.593	1.521.523	1.441.585
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	74.573	106.951	74.573	106.951
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	15	225.618	187.056	241.987	202.022
Fyrirfram innheimtar tekjur	18	335.984	818.609	335.984	818.609
Aðrar skammtímaskuldir		1.962.002	1.698.884	2.257.155	1.934.131
		<u>5.359.193</u>	<u>4.868.110</u>	<u>5.924.164</u>	<u>5.622.824</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>28.228.024</u>	<u>26.830.463</u>	<u>39.947.383</u>	<u>37.757.612</u>
Eigið fé og skuldir		<u>44.975.004</u>	<u>42.329.796</u>	<u>66.970.766</u>	<u>62.645.485</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Áætlun með			Áætlun með		
	2023	viðaukum	2022	2023	viðaukum	2022
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	(454.017)	(810.466)	(826.068)	436.272	(653.211)	(431.502)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	7 1.059.316	1.094.511	1.043.654	2.094.756	2.360.844	1.865.910
Hagnaður af sölu eigna	(188)	0	(1.434)	(46.260)	0	(1.315)
Byggingaréttur	(146.621)	0	(121.000)	(146.621)	0	(121.000)
Verðbr. eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	(4.739)	0	(3.531)
Verðb. og gengism. langtímalíða	1.079.212	1.451.285	1.244.394	1.749.904	2.201.152	2.024.842
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	0	0	0	(49.538)	0	(53.968)
Skattskuldbinding, breyting	0	0	0	42.844	35.000	30.359
Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding	15 1.162.588	600.000	1.131.139	1.204.119	600.000	1.164.175
Veltufé frá rekstri	2.700.290	2.335.330	2.470.685	5.280.737	4.543.785	4.473.969
Br. á rekstartengdum eignum	(91.116)	48.381	(240.100)	(470.877)	38.381	(290.809)
Br. á rekstartengdum skuldum	291.244	0	351.262	552.681	0	377.831
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(469.365)	(450.000)	(429.703)	(470.654)	(450.000)	(430.896)
Handbært fé frá rekstri	2.431.053	1.933.711	2.152.144	4.891.887	4.132.166	4.130.096
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	7 (2.871.234)	(2.132.000)	(2.286.028)	(5.593.890)	(5.226.000)	(3.941.504)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	6.184	0	5.190	68.389	0	7.154
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0	0	(905)	(144.920)	0	(905)
Söluverð íbúðarhúsnæðis	0	0	0	49.500	0	0
Gatnagerðargjöld	935.003	0	1.041.465	935.003	0	1.041.465
Byggingaréttur	146.621	0	121.000	146.621	0	121.000
Eignarhlutar í öðrum félögum	0	0	0	(50.054)	0	19.521
Markaðsverðbréf	(16.513)	0	54.153	(16.982)	0	54.709
Langtímakröfur, breyting	78.634	78.549	72.038	77.987	77.906	71.707
Skammtímakröfur, breyting	(93.995)	0	21.722	(119.536)	0	21.722
	(1.815.298)	(2.053.451)	(971.365)	(4.647.882)	(5.148.094)	(2.605.132)
Fjármögnunarahreyfingar						
Arður til hluthafa	0	0	0	(2.199)	(127.000)	(2.199)
Tekin ný langtímalán	0	1.600.000	0	800.000	2.450.000	0
Afborganir langtímalána	(945.408)	(1.106.848)	(847.532)	(1.500.575)	(1.568.445)	(1.357.947)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting	(482.625)	0	111.371	(482.625)	0	111.371
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	57.357	(593.264)	118.667	21.965	0	(6.394)
	(1.370.677)	(100.112)	(617.494)	(1.163.435)	754.555	(1.255.170)
Lækkun handbærs fjár	(754.922)	(219.852)	563.285	(919.431)	(261.373)	269.794
Handbært fé í upphafi árs	3.217.286	3.217.286	2.654.001	3.485.228	3.485.228	3.215.434
Handbært fé í lok árs	2.462.364	2.997.434	3.217.286	2.565.797	3.223.855	3.485.228

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármöggnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð gatna o.fl., Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Bifreiðastæðasjóður, Byggingarsjóður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Félagslegar íbúðir, Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hafnasamlag Norðurlands b.s., Hlíðarfjall Skíðastaðir, Norðurorka hf. og Strætisvagnar Akureyrar.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2023 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2023 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 24 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekn reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári fyrir utan breytingar tengdar Norðurorku sem nánar er gerð grein fyrir í kafla um breytingar á reikningsskilaaðferðum. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði gatna hafa verið endurmetnar.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs gatna, Fasteigna Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Viðskiptavild er niðurfærð á tíu árum.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal annarra tekna/rekstrargjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Norðurorku hf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn Norðurorku hf. er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur í Eignasjóði gatna eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs gatna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirdis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs gatna eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirdis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar sveitarfélagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé við kaup. Yfirverð er fært meðal viðskiptavildar og er niðurfært á tíu til tuttugu árum. Þar sem starfsemi dótturfélagsins Flokkun Eyjafjörður ehf. er óveruleg er ársreikningi þess haldið utan við ársreikning móðurfélagsins og ekki gerð samstæðureikningsskil.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímakröfur

Samkvæmt samningi sem gerður var við ríkið á árinu 2010 um byggingu hjúkrunarheimilis annaðist sveitarfélagið framkvæmdir við byggingu 45 rýma hjúkrunarheimilis við Vestursíðu. Sveitarfélagið fjármagnaði framkvæmdir við bygginguna en samningsaðilar gerðu samning um rekstur heimilisins og mun ríkið leigja húsnæðið af Akureyrarbæ til nota fyrir hjúkrunarheimilið. Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði vegna 85% hluta kostnaðar við byggingu hjúkrunarheimilisins verður greiddur með leigu til 40 ára og hófust leigugreiðslur þegar húsnæðið var tekið í notkun í september 2012.

Framlag ríkisins er fært sem langtímakrafa á ríkissjóð í ársreikningi sveitarfélagsins.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði eða dagverði sé það lægra.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og afskrifaður á líftíma lánsins.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjárumunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2023. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Engar verulegar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings eru til staðar hjá sveitarfélaginu aðrar en þær sem getið er um í skýringu nr. 15 varðandi lífeyrisskuldbindingar og skýringu nr. 20 um ábyrgðir og önnur mál.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu 2023 breytti Norðurorka reikningshaldslegri meðferð hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Veitukerfi og fasteignir félagsins voru skráðar á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningi, sem er gangvirdi eignanna á endurmatsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Það er mat stjórnenda að hin nýja reikningsskilaaðferð gefi gleggri mynd af starfsemi félagsins. Reikningsskilabreytingin var gerð með afturvirkum hætti og hefur samanburðarár verið aðlagð að hinni nýju reikningsskilaaðferð. Við mat á varanlegum rekstrarfjármunum 1.1.2022 og 31.12.2022 eru varanlegir rekstrarfjármunir Norðurorku færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Breyting reikningsskilaaðferðar hafði eftirfarandi áhrif á samanburðartölur A og B hluta frá árinu 2022:

	Samantekið A og B hluti		
	Aður birt	Breyting	Endurgert
Rekstrarreikningur			
Afskriftir.....	(2.142.880)	276.970	(1.865.910)
Tekjuskattur.....	7.559	(37.918)	(30.359)
Hagnaður (tap) ársins.....	(670.554)	239.052	(431.502)
Efnahagsreikningur			
Fasteignir og lóðir.....	32.376.330	(234.342)	32.141.988
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur.....	21.118.185	(3.626.923)	17.491.262
Eigið fé.....	28.289.911	(3.402.038)	24.887.873
Tekjuskattsskuldbinding.....	634.687	(459.227)	175.460

Áhrif breytinganna á sjóðstreymisfirlit ársins 2022 eru þau að hagnaður ársins hækkar um 239 milljónir króna, afskriftir lækka um 277 milljónir króna og tekjuskattsskuldbinding lækkar um 38 milljónir króna. Að öðru leyti eru samanburðarfjárhæðir í sjóðstreymi óbreyttar frá fyrra ári.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2023	Fjárhags- áætlun 2023	2023	Fjárhags- áætlun 2023
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	14.954.700	14.727.500	14.954.700	14.727.500
Fasteignaskattar.....	2.538.287	2.569.410	2.462.338	2.464.410
	<u>17.492.987</u>	<u>17.296.910</u>	<u>17.417.037</u>	<u>17.191.910</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Tekjuföfnunarfönlag.....	87.972	0	87.972	0
Framlag vegna fasteignagjalda.....	441.911	424.116	441.911	424.116
Útgjaldajöfnunarfönlag.....	355.284	311.965	355.284	311.965
Framlög vegna grunnskóla.....	1.119.833	1.108.594	1.119.833	1.108.594
Framlög vegna þjónustu við fatlaða.....	2.952.109	2.957.774	2.952.109	2.957.774
Önnur framlög.....	170.229	119.405	170.229	119.405
	<u>5.127.337</u>	<u>4.921.854</u>	<u>5.127.337</u>	<u>4.921.854</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	1.793.295	1.629.052	8.097.556	7.208.494
Eignatekjur.....	994.233	808.387	1.546.782	1.226.337
Endurgreiðslur.....	1.939.635	1.403.507	1.147.089	809.272
Aðrar tekjur.....	334.232	294.350	1.068.887	797.541
	<u>5.061.396</u>	<u>4.135.296</u>	<u>11.860.313</u>	<u>10.041.644</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>27.681.721</u>	<u>26.354.060</u>	<u>34.404.688</u>	<u>32.155.408</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,74%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,31%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði.....		1,63%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2023	Fjárhags- áætlun 2023	2023	Fjárhags- áætlun 2023
Laun.....	12.852.828	12.591.761	14.434.963	14.130.676
Launatengd gjöld.....	3.300.389	3.259.440	3.721.430	3.641.707
Eignfærð laun.....	0	0	(132.328)	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	16.153.218	15.851.201	18.024.065	17.772.383
Stöðugildi að meðaltali 2023.....	1.348		1.484	
Stöðugildi að meðaltali 2022.....	1.316		1.445	

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 84,3 milljónum króna á árinu 2023 en námu 76,7 milljónum króna á árinu 2022.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2023	Fjárhags- áætlun 2023	2023	Fjárhags- áætlun 2023
Vaxtatekjur	267.219	150.000	177.949	200.000
Arður af eignarhlutum	133.612	133.600	8.812	9.000
Vaxtagjöld	(580.717)	(910.837)	(872.244)	(1.109.000)
Verðbætur og gengismunur	(1.174.383)	(1.500.000)	(1.845.763)	(2.346.550)
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	2.828	3.000	0	0
Sölutap og verðbreytingar hlutabréfa	0	0	(964)	0
Eignfærðir vextir og verðbætur vegna framkvæmda	26.896	25.000	30.213	30.000
	(1.324.545)	(2.099.237)	(2.501.998)	(3.216.550)

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		23.837.012	23.837.012	23.329.354
Félagsþjónusta.....	7.118.101	1.430.378	(5.687.723)	(5.520.789)
Heilbrigðismál.....	30.548	0	(30.548)	(29.872)
Fræðslumál.....	11.985.965	1.332.451	(10.653.514)	(10.534.913)
Menningarmál.....	1.427.395	299.959	(1.127.435)	(1.083.153)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	4.280.461	1.468.920	(2.811.541)	(2.656.485)
Brunamál og almannavarnir.....	755.297	437.320	(317.977)	(398.022)
Hreinlætismál.....	579.328	549.050	(30.278)	(36.438)
Skipulags- og byggingamál.....	380.183	62.003	(318.180)	(219.687)
Samgöngumál.....	1.720.151	315.380	(1.404.771)	(1.284.446)
Umhverfismál.....	486.456	54.551	(431.905)	(410.324)
Atvinnumál.....	146.731	9.491	(137.240)	(141.082)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.546.376	337.778	(1.208.598)	(1.145.065)
Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding.....	1.162.588	0	(1.162.588)	(600.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	165.795	889.356	723.561	62.370
Aðalsjóður samtals.....	31.785.374	31.023.649	(761.725)	(668.552)
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður gatna o.fl.....	218.175	547.119	328.944	101.496
Fasteignir Akureyrarbæjar.....	4.339.280	4.418.089	78.809	(218.078)
Framkvæmdamiðstöð.....	696.746	596.701	(100.045)	(25.332)
Innri færslur A hluta.....	(8.014.482)	(8.014.482)	0	0
A hluti samtals.....	29.025.094	28.571.077	(454.017)	(810.466)
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Bífreiðastæðasjóður.....	50.201	83.459	33.258	34.783
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar.....	(579)	0	579	118
Félagslegar íbúðir.....	869.375	659.125	(210.250)	(233.022)
Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.....	379	2.129	1.749	6
Hafnasamlag Norðurlands b.s.....	852.819	1.395.231	542.411	287.137
Heilsugæslustöðin á Akureyri.....	12.652	0	(12.652)	(11)
Hlíðarfjall, Skíðastaðir.....	565.040	565.040	0	2.869
Norðurorka hf.....	4.396.617	5.025.263	628.647	24.678
Strætisvagnar Akureyrar.....	435.183	435.183	0	(536)
Öldrunarheimili Akureyrar.....	0	0	0	9.888
Innri færslur A og B hluta.....	(1.349.009)	(1.442.463)	(93.454)	31.345
A og B hluti samtals.....	34.857.772	35.294.044	436.272	(653.211)

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og götur	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	40.946.090	3.180.272	2.326.533	588.952	47.041.847
Endurmat á lóðum og lendum	1.701.665	0	0	0	1.701.665
Eignfært á árinu	1.417.352	274.331	363.403	0	2.055.086
Selt og aflagt á árinu	0	0	(250.149)	0	(250.149)
Staða í árslok	44.065.107	3.454.603	2.439.786	588.952	50.548.448
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	12.157.818	1.238.294	1.062.334	391.232	14.849.678
Afskrift ársins	621.324	127.121	258.359	52.512	1.059.316
Selt og aflagt á árinu	0	0	(244.297)	0	(244.297)
Staða í árslok	12.779.142	1.365.414	1.076.396	443.744	15.664.697
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	28.788.272	1.941.978	1.264.199	197.720	32.192.169
Bókfært verð í árslok	31.285.965	2.089.188	1.363.391	145.208	34.883.751
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	4%	7-33,3%	4-20%	

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, hafnam.virki og götur	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	46.482.200	27.231.813	4.550.038	588.952	78.853.003
Endurmat á lóðum og lendum	1.701.665	0	0	0	1.701.665
Eignfært á árinu	1.918.934	2.318.250	629.922	0	4.867.106
Selt og aflagt á árinu	(18.068)	0	(288.879)	0	(306.965)
Staða í árslok	50.084.713	29.550.062	4.891.081	588.952	85.114.808
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	14.340.212	9.740.551	2.221.582	391.232	26.693.577
Afskrift ársins	763.595	836.182	435.292	52.512	2.087.581
Selt og aflagt á árinu	(12.068)	0	(279.459)	0	(291.527)
Staða í árslok	15.091.740	10.576.732	2.377.416	443.744	28.489.632
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	32.141.988	17.491.262	2.328.456	197.720	52.159.425
Bókfært verð í árslok	34.992.973	18.973.330	2.513.666	145.208	56.625.176
Afskriftarhlutföll	2-4%	4%	5-33,3%	4-22%	

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.059.316	2.087.581
Óefnislegar eignir	0	7.175
	1.059.316	2.094.756

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Bókfært verð fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins og váttryggingarverðmæti þeirra greinist þannig í árslok:

A hluti	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Leikskólar	4.965.944	1.524.353
Skólar	20.106.720	5.476.731
Íþróttahús og sundlaugar	18.149.068	4.556.936
Þjónustuhúsnæði	25.094.715	4.372.287
Lóðir og lendur	0	15.500.866
Götur	0	2.089.188
	68.316.447	33.520.361
B hluti	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Veitukerfi	59.763.163	15.156.835
Hafnamannvirki	13.623.088	1.730.222
Bífreiðastæði	0	106.019
Íbúðir	13.002.123	2.190.829
Þjónustuhúsnæði	5.832.450	1.407.245
	92.220.824	20.591.150
Samtals A og B hluti	160.537.271	54.111.511

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	2023 Rauntölur	2023 Áætlun	2022 Rauntölur
Fjárfesting A hluta, málaflokkayfirlit:			
Félagsþjónusta	5.605	20.000	107.689
Fræðslumál	850.525	823.000	758.511
Menningarmál	19.977	30.000	33.269
Æskulýðs- og íþróttamál	772.620	732.000	345.463
Bruna- og almannavarnir	17.694	0	58.676
Samgöngumál	279.311	362.000	0
Umhverfismál	37.285	35.000	0
Atvinnumál	25.841	0	21.644
Sameiginlegur kostnaður	1.531	90.000	(1.333)
Aðalsjóður samtals	2.010.389	2.092.000	1.323.919
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður gatna	2.971	0	2.685
Fasteignir Akureyrarbæjar	5.073	0	0
Framkvæmdamiðstöð Akureyrar	36.652	40.000	33.462
A hluti samtals	2.055.086	2.132.000	1.360.067

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

	2023	2023	2022
	Rauntölur	Áætlun	Rauntölur
B hluta fyrirtæki:			
Bifreiðastæðasjóður	390	65.000	30.369
Félagslegar íbúðir	254.820	325.000	13.073
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	221.275	202.000	121.773
Hlíðarfjall, Skíðastaðir	166.597	331.000	50.763
Norðurorka hf.	2.102.827	2.057.000	1.432.323
Strætisvagnar Akureyrar	66.111	114.000	7.176
B hluti samtals	<u>2.812.020</u>	<u>3.094.000</u>	<u>1.655.476</u>
A og B hluti samtals	<u>4.867.106</u>	<u>5.226.000</u>	<u>3.015.543</u>

Í eigu sveitarfélagsins eru ýmsir lausafjármunir sem ýmist hafa verið gjaldfærðir eða eignfærðir. Hér er einkum um að ræða áhöld og tæki sem notuð eru við daglegan rekstur stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Þessar eignir hafa verið færðar í sérstaka eignaskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Félagsþjónusta	296.461
Fræðslumál	946.199
Menningarmál	1.285.868
Æskulýðs- og íþróttamál	311.760
Brunamál og almannavarnir	29.586
Skipulags- og byggingamál	18.541
Samgöngumál	19.109
Umhverfismál	13.293
Sameiginlegur kostnaður	87.632
Eignasjóður gatna o.fl.	273.083
Fasteignir Akureyrar	9.268
Framkvæmdamiðstöð	163.643
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	771.255
Hlíðarfjall, Skíðastaðir	1.995.786
Norðurorka hf.	364.184
Strætisvagnar Akureyrar	299.000
Öldrunarheimili Akureyrar	482.975
	<u>7.367.642</u>

8. Viðskiptavild

	A og B hluti	
	2023	2022
Bókfært verð í ársbyrjun	10.762	17.937
Gjaldfærsla ársins	<u>(7.175)</u>	<u>(7.175)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>3.587</u>	<u>10.762</u>

9. Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum	Eignarhlutur	Bókfært verð	Fært í rekstrarr.
	Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri	77,75%	40.521
Norak ehf., Akureyri	33,33%	76.466	22.934
Tengir hf., Akureyri	38,41%	359.086	26.604
		<u>476.073</u>	<u>49.538</u>

Skýringar

10. Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutur	A og B hluti	
	Bókfært verð	Bókfært verð
Eignarhlutur í öðrum félögum		
Greið leið ehf., Akureyri	49,8%	186.196
Skógarböð ehf., Akureyri	4,4%	29.412
Þekkingavörður ehf.	14,3%	430
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík	2,8%	4.079
Laxá hf., Akureyri	20,8%	29.369
Hlíðarhryggur ehf.	25,0%	2.000
Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Reykjavík	5,5%	485.909
Molta ehf.	15,0%	25.000
NetOrka hf., Hafnarfirði	7,7%	10.364
Dysnes ehf.	20,0%	2.250
Norðurvegur ehf., Akureyri	17,8%	3.000
Orkey ehf., Akureyri	100,0%	0
Vistorka ehf.	100,0%	500
Brynja hússjóður, stofnframlag		70.621
Þjarg íbúðafélag, stofnframlag		90.518
Aðrir eignarhlutir		8
		<u>735.984</u>
Niðurfærsla hlutabréfacignar		<u>(192.763)</u>
		<u>543.221</u>
		<u>746.894</u>

11. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Langtímakrafa á ríkissjóð vegna hjúkrunarheimilis	1.266.664	1.266.664
Aðrar langtímakröfur	63.604	0
	<u>1.330.268</u>	<u>1.266.664</u>
Næsta árs afborganir	<u>(81.501)</u>	<u>(78.722)</u>
	<u>1.248.768</u>	<u>1.187.942</u>

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	81.501	78.722
Afborganir 2025	81.628	78.722
Afborganir 2026	81.762	78.722
Afborganir 2027	81.901	78.722
Afborganir 2028	82.047	78.722
Afborganir 2029	82.200	78.722
Afborganir síðar	839.229	794.331
	<u>1.330.268</u>	<u>1.266.664</u>
Næsta árs afborganir.....	<u>(81.501)</u>	<u>(78.722)</u>
	<u>1.248.768</u>	<u>1.187.942</u>

12. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding skiptist þannig:

	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	242.826
Frestaður gengismunur	(802)
Yfirfærslu skattalegt tap	(31.180)
Aðrir liðir	7.461
	<u>218.304</u>

Skýringar

13. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Staða í ársbyrjun	358.786	313.185	387.745	336.234
Gjaldfærð (-tekjufærð) niðurfærsla á árinu.....	108.496	41.884	119.782	50.045
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(11.148)	3.717	(17.806)	1.466
Staða í árslok	456.134	358.786	489.721	387.745

14. Eigð fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigð fé 1.1.2023.....	15.499.333	24.887.873
Endurmat lóða og lendna.....	1.701.665	1.701.665
Aðrar breytingar.....	0	(2.427)
Rekstrarniðurstaða ársins	(454.017)	436.272
Eigð fé 31.12.2023.....	16.746.981	27.023.383

15. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar námu skuldbindingar A hluta 5.431 millj. kr. og A og B hluta 5.901 millj. kr. í árslok 2023 miðað við 2,0% ársvexti umfram áætlaðar launahækkningar upp á 1,5%. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) að fjárhæð 256 millj. kr. í árslok. Ennfremur kemur inn skuldbinding á árinu 2023 vegna skuldar við Brú, lífeyrissjóð sveitarfélaga og nemur skuldbindingin 371 milljónum króna í árslok 2023. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2023.....	5.365.922	5.795.242
Greitt á árinu.....	(469.365)	(471.924)
Gjaldfært á árinu.....	1.162.588	1.205.389
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2023.....	6.059.144	6.528.707
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga.....	(225.618)	(241.987)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindinga í árslok 2023.....	5.833.527	6.286.721

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindinga greinist þannig á næstu ár:

Árin 2024 - 2038.....	2.649.419	2.844.544
Síðar.....	3.409.726	3.684.163
	6.059.144	6.528.707

Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega. Það er þeirra sem voru komnir á lífeyri 1. júní 2017 og þeirra sem voru orðnir 60 ára á þeim tíma, sem væru með tryggt réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila. Við þessa ákvörðun myndaðist skuldbinding sveitarfélagsins gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nam skuldbindingin 371 milljónum króna og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi.

